

Sveitarfélagið Garður
Páll Svavar Pálsson,
byggingarfulltrúi
Sunnubraut 4
250 Garður

Umhverfisstofnun
Áb. _____
17. nóv. 2010 10.4.0
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. nóvember 2010
Tilvísun: UST20101000031/jbw

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Garðs 1998-2018 og tillaga að breyttu deiliskipulagi við Berghóla vegna flæðigryfju í Selvík

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 5. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins Garðs og tillögu að breyttu deiliskipulagi við Berghóla vegna flæðigryfju í Selvík.

Almenn um aðalskipulags- og deiliskipulagssvæðið – tilgangur skipulagsbreytinga

Breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins Garðs snýr að svæði í og við Selvík sem er norður af Helguvík. Breytingin gerir ráð fyrir að í vikinni þar sem nú er sjór verði 25 ha flæðigryfja sem mun með tíð og tíma breytast í landfyllingu. Landnotkun fyrirhugaðrar flæðigryfju í breyttu aðalskipulagi er skilgreind sem iðnaðarsvæði.

Innan deiliskipulagssvæðisins er lagnaleið frá álverinu í Helguvík að sjó við Selvík, flæðigryfja í Selvík og aðkomuvegur að varnargarði flæðigryfju.

Tilgangur breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins Garðs og breytingar á deiliskipulagi við Berghóla er sá sami þ.e. að mæta þörf fyrir förgun kerbrota frá álversinu í Helguvík. Norðurál hyggst farga kerbrotum, auk kola- og stálsandsryki, í flæðigryfjuna í Selvík og verður vikin aflokuð með varnargarði/grjótgarði. Gert er ráð fyrir að um 3.500-6.000 tonn af kerbrotum falli til á hverju ári að jafnaði.

Staðhættir í Selvík

Selvík er lítil og opin vík til norðurs og upp að henni eru brattir hamraveggir. Vikin er djúp og fáeina metra út frá henni er yfir 10 m dýpi. Setmyndun er lítil í nágrenni Selvíkur sem bendir til þess að straumar séu miklir á svæðinu.

Mannvirki – framkvæmdir innan skipulagssvæða

Varnargarður sem afmarkar flæðigryfjuna verður hannaður með það í huga að standast ölduálag. Miðað er við að hann verði 5 m hærri en meðal stórstraumsfjara og er magn grjóts í

hann áætlað 50.000 m³. Grjót í garðinn verður fengið úr landjöfnun vegna stækkunar Helguvíkurhafnar. Endingartími flæðigryfjunnar er áætlaður 30 ár og er þá vonast til að endurvinnsla kerbrota verði orðin það góð að ekki þurfi að farga þeim lengur í flæðigryfju.

Nýr vegslóði verður lagður frá eldri vegi, svokölluðum „Olíuvegi“, niður í Selvík, alls um 125 m vegalengd. Vegurinn mun liggja vestan megin í bjarginu á grjótfyllingu að varnargarði flæðigryfju.

Fráveitulögn fyrir regnvatn (ofanvatn) og kælivatn frá spennum frá álverinu verður lögð frá álverslóðinni niður í Selvík. Fráveitulögnin verður í holræsi sem lagt verður á 4-6 m dýpi meðfram „Olíuvegi“ við landamörk Reykjanesbæjar og Garðs. Á klettabrún norðarlega í Selvík verður vatnið látið seytle niður í fyrirhugaða grjótfyllingu undir aðkomuveg að varnargarði. Fráfallsopið verður staðsett utan flæðigryfjunnar.

Náttúruminjar, verndarsvæði

Engin svæði innan aðalskipulagssvæðisins og deiliskipulagssvæðisins eru á náttúruminjaskrá, friðlýstar eða njóta annarrar verndar.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 5 sem ber heitið umhverfisþætti/áhrifaþættir eru áhrifaþættir ekki taldir upp, eingöngu umhverfisþættir.

Sjónræn áhrif, áhrif á landslag

Í umhverfisskýrslu er svo metið að sjónræn áhrif fyrirhugaðrar flæðigryfju og varnargarðs í Selvík verði talsvert neikvæð sem og áhrif á landslag. Umhverfisstofnun er sammála þessu mati í ljósi fyrirhugaðra aðgerða til að fella gryfjuna að umhverfi að förgun lokinni og að skerðingin tekur ekki til umfangsmikils svæðis. Stofnunin telur þó á að á meðan gryfjan er opin í að lágmarki 30 ár verði staðbundin neikvæð sjónræn áhrif hennar meiri, þ.e. veruleg, fyrir þá sem eiga leið í vikina og næsta nágrenni hennar á landi og á sjó.

Umhverfisstofnun telur að í umhverfisskýrslunni ætti að leggja mat á sjónræn áhrif aðkomuvegar að varnargarði flæðigryfju. Í greinargerð á deiliskipulagsupprætti kemur fram að vegurinn verði á grjótfyllingu við hamravegginn og telur stofnunin að slíkt mannvirki verði áberandi séð frá nærliggjandi svæðum.

Áhrif á lífríki

Flæðigryfjan er hluti af stærri framkvæmd þar sem hún tengist álveri Norðuráls í Helguvík sem fór í gegnum mat á umhverfisáhrifum árið 2007. Í umsögn Umhverfisstofnunar við frummatsskýrslu vegna álversins, ágúst 2007, kom fram að stofnunin „telur urðun kerbrota í flæðigryfju þar sem eru nægur straumur og mikil þynning ásættanlega“. Einnig kom fram í umsögninni að „Umhverfisstofnun telur að bæta þurfi úttekt og mat á umfangi, þéttleika og tegundaskiptingu varpfugla á svæðinu áður en stofnunin geti tekið afstöðu til fyrirhugaðrar staðsetningar á kerbrotagryfju í Selvík“. Brugðist var við þessum óskum stofnunarinnar í matsskýrslu.

Í umhverfisskýrslu vegna aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingar kemur ekki fram hvert verndargildi fugla í hamravegg er talið vera en vegna taps á varpstöðum er svo metið að

hugsanleg áhrif veglagningar á fugla verði talsvert neikvæð. Umhverfisstofnun er sammála þessu mati að því tilgefni að verndargildi fugla sé lítið og vegna skerðingar á svæði sem ekki er umfangsmikið.

Umhverfisstofnun vill benda á að þrátt fyrir mikla strauða ríkir ákveðin óvissa um hugsanleg áhrif mengunarefna sem losnað geta úr flæðigryfjunni á sjávarlífverur á nærliggjandi svæði. Það er hlutverk vöktunar að leiða í ljós hvort að skaðleg efni safnist upp í lífverum í grennd við flæðigryfjuna og því telur stofnunin ekki rétt að meta svo á þessu stigi að áhrifin verði óveruleg.


Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að aðkomuvegur niður að varnargarði flæðigryfju verði stuttur ætti í umhverfisskýrslu að meta áhrif veglagningarinnar á gróður. Einnig telur stofnunin að í stefnumörkun deiliskipulagsbreytingarinnar ætti að koma fram að skylt verði að halda jarðraski í lágmarki við allar fyrirhugaðar framkvæmdir sem breytingin nær til.


Umhverfisstofnun bendir á að í kafla um umhverfismat í umhverfisskýrslu er ekki fjallað um áhrif fyrirhugaðs fráveituvatns (regnvatn og kælivatn) í sjó utan við flæðigryfjuna. Eingöngu er fjallað um áhrif fráveituvatns, þ.e. hitastig, í greinargerð á deiliskipulagsuppdættinum (í kafla um heildaráhrif). Lagfæra þarf þetta ósamræmi. Í greinargerðinni kemur fram að fráveituvatnið verði látið seytla á klettabrún norðarlega í Selvík og niður í grjótfyllingu undir aðkomuveg að varnargarði. Fráfallsopið verður staðsett utan flæðigryfju. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fráveituvatnið verði hreinsað áður en því er hleypt í sjó og vísar í því sambandi á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, sbr. 17 gr. lið 3, um að sveitarstjórn skuli senda heilbrigðisnefnd m.a. upplýsingar um sérstaka hreinsun á fráveituvatni frá iðnaði. Í ofanvatni af álverslóð geta verið ýmis skaðleg efni fyrir lífríki sjávar, s.s. PAH efni úr kerreyk sem sleppur út um rjáfur kerskála og frá þurrhrensivirkjum. Hægt er að fella slík efni úr fráveituvatni í botnfellitjörn áður en það fer í sjó.

Áhrif á samfélag

Í umhverfisskýrslu er svo metið að áhrif flutninga kerbrota og skeljasands í flæðigryfjuna á samfélag verði óveruleg þar sem að flutnings vegalengdin er stutt og lítil umferð, einn bíll á dag, er ekki talin valda truflun, hvorki fyrir fólk né fugla. Umhverfisstofnun tekur undir þetta mat.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Jóhanna Björk Weissappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun